



# Ferðalag Opportunity jeppans við Endeavour gíginn

ESP\_032573\_1775



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHIRISE.ORG/IS



Í um það bil tvö ár hefur Opportunity jeppinn unnið að rannsóknum á 3-4 milljarða ára gömlum setlögum í Cape York á vesturbarmi Endeavour gígsins, sem er 20 kílómetra breiður, á Meridiani Planum. Nú, meira en áratug eftir að Marsjeppanum Opportunity var skotið á loft árið 2003, hefur HiRISE tekið mynd af ferðalagi jeppans í átt að nýjum rannsórnarstöðum í suðri, að Solander Point þar sem hann mun hafa vetursetu. Á áfangastað Opportunity á Solander Point er talið að mikið sé af leir (eins og rannsóknir úr lofti benda til) og bergopnur sem leiða í ljós jarðlög sem munu án efa veita mikilvægar upplýsingar um sögu vatns á Mars í fortíðinni. Auk þess mun veturseta jeppans á norðurhlíð Solander Point tryggja að hann fái sem mesta sólarorku svo hægt verði að stunda öflugar vísindarannsóknir á meðan veturinn á suðurhvelinu stendur yfir.